

# Eigið eldvarnaeftirlit

- hugmyndir að nýjungum í komandi reglugerð
- reynsla frá Svíþjóð (Malmö)

Daði Þorsteinsson


Greiningarsviði SHS

Dadi.thorsteinsson@shs.is

# Af hverju eigið eldvarnaeftirlit?

- Langur tími líður milli skoðana eldvarnaeftirlits sveitarfélaga.
- Ytri skoðunarmenn eru almennt vel að sér um eldvarnir, en skortir sértæka þekkingu á fyrirtækinu.
- Eigið eldvarnaeftirlit er framkvæmt reglulega, með stuttu millibili og af aðila sem gjörþekkir innri aðstæður.

# Af hverju eigið eldvarnaeftirlit?



# Breytingar á reglugerðum

- Eftirfarandi reglugerðir eru í gildi í dag um eldvarnaeftirlit:
- Reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun (1994/198).
- Reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði (1994/200).

# Breytingar á reglugerðum

- Hingað til hefur verið fjallað um eigið eldvarnaeftirlit og eldvarnaeftirlit sveitarfélaga sem tvo lítt, eða jafnvel óskylda hluti.
- En reglugerðirnar fjalla um tvær leiðir að sama marki.
- Því verða þær sameinaðar í eina reglugerð.

# Ný reglugerð um eldvarnaeftirlit

- Vinnutitill:

**Reglugerð um eldvarnaeftirlit með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun.**

# Markmið reglugerðarinnar

- Þó að þetta sé ekki hrein markmiðsreglugerð er markmiðið sett fremst í reglugerðina til að hvetja til frumlegra vinnubragða hjá þeim sem eftir reglugerðinni vinna.
- Nýjar hugmyndir sem taka efni reglugerðarinnar fram við uppfyllingu markmiðsins eru velkomnar.

# Markmið reglugerðarinnar

- Markmið þessarar reglugerðar er að stuðla að traustum eldvörnum í samræmi við gildandi lög um brunavarnir. Í því felst að tryggja sem best líf og heilsu fólks, verndun umhverfis og eignavernd.
- Ákveðna forgangs röðun má lesa úr þessari upptalningu, en eignavernd fær þó aukið vægi ef um er að ræða samfélagslega mikilvæga starfsemi eða mikil menningarverðmæti.

# Samanburður innihaldslýsinga

## 1994/198:

1. Skilgreiningar.
2. Almenn ákvæði.
3. Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga.
4. Skipulag og skýrslugerð.
5. Framkvæmd eldvarnaeftirlits.
6. Eftirlitstímabil.

## 1994/200:

1. Skilgreiningar.
2. Almenn ákvæði.
3. Skipulag eigin eldvarnaeftirlits.
4. Leiðbeiningar Brunamála-stofnunar ríkisins.

## 0. Markmið.

1. Skilgreiningar.
2. Almenn ákvæði.
3. Eldvarnaeftirlit eigenda og forráðamanna.
4. Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga.
  - 4.1. Skipulag og skýrslugerð.
  - 4.2. Framkvæmd eldvarnaeftirlits.
5. Brot á lögum og reglum, þvingunarúrræði og viðurlög.

*Fylgiskjal 1 Eftirlitstímabil*

# Helstu breytingar almennra ákvæða

- Ábyrgðarskipting milli byggingarfulltrúa og eldvarnaeftirlits sveitarfélaga varðandi eftirlit með eldvörnum nýbygginga er skilgreind frekar.
- Ábyrgðarskipting milli eigenda og forráðamanna mannvirkja varðandi eldvarnir þeirra er skilgreind frekar.

# Helstu breytingar varðandi eldvarnaeftirlit sveitarfélaga

- Það er nú skýrt tekið fram að eldvarnaeftirlit sveitarfélaga skuli markvisst stefna að því að virkja og við halda eigin eftirliti fyrirtækja innan sveitarfélagsins.
- Því er einnig lyft fram að skrá sú sem sveitarfélög eiga að halda yfir helstu hættur innan sinna marka skuli innihalda öll fyrirtæki þar sem reglubundnar opinberar eldvarnaskoðanir fara fram.

# Helstu breytingar varðandi eldvarnaeftirlit sveitarfélaga

- Það skal koma fram í árlegri skýrslu til Brunamálastofnunar hve margar af áætluðum eldvarnaskoðunum urðu framkvæmdar.
- Hins vegar er kröfunni að slökkviliðsstjórar geri grein fyrir orsökum eldsvoða sleppt í árlegri skýrslu.

# Helstu breytingar varðandi eldvarnaeftirlit sveitarfélaga

- Slökkviliðsstjóri fær mun stærra útrými til að velja sjálfur hvaða fyrirtæki skulu vera skoðunarskyld.
- Stærðarmörk verða hækkuð, bæði hvað varðar flatarmál og fólksfjölda.
- Eins má taka vel rökstudda ákvörðun um að skoða ekki fyrirtæki sem ættu að vera skoðunarskyld að öllu jöfnu.

# Helstu breytingar varðandi eigið eldvarnaeftirlit

- Ef sýnt er fram á við slökkviliðsstjóra að eigið eldvarnaeftirlit sé, og haldi áfram að vera virkt og nægilega umfangsmikið er þetta nægur rökstuðningur til að sleppa við opinberar eldvarnaeftirlitsskoðanir.

# Helstu breytingar varðandi eigið eldvarnaeftirlit

- Mörkin fyrir því hvenær formleg viðbragðsáætlun er sjálfkrafa nauðsynleg verða hækkuð.
- Þegar krafa er um árlegar brunaæfingar skulu þær ekki eingöngu vera rýmingaræfing heldur skal láta á það reyna hvort viðbragðsáætlunin sé að virka.

# Lög og reglur um eigið eldvarnaeftirlit í Svíþjóð

- *Lagen om skydd mot olyckor* (SFS 2003:778)
  - almennt um ábyrgð og skyldur eigenda og forráðamanna.
- *Förordningen om skydd mot olyckor* (SFS 2003:779) - Krafa um skýrslu tíunduð.
- Allmänna råd (leiðbeiningar):
  - SBA (SRVFS 2004:2)
  - BSR (SRVFS 2003:10 & 2004:4)

# Kerfisbundið eigið eldvarnaeftirlit – Systematískt BrandskyddsArbete

- Innihald
  - Ansvar **Ábyrgð**
  - Organisation **Skipulag**
  - Utbildning **Menntun**
  - Rutiner/regler/planer **Reglur og áætlanir**
  - Dokumentation **Skráning og skjalfesting**
  - Drift och underhåll **Starfsemi og viðhald**
  - Kontroll/uppföljning/tillbudsrapportering  
**Eftirfylgni og atvikaskráning**